

Umhverfisstofnun
Pórdís Vilhelmína Bragadóttir,
sérfræðingur
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 17. janúar 2017
2017010003/42-0
BM, EÓ, LÁ, TB
jgo/tb

Surtsey, umsókn um leyfi til að framkvæma rannsóknaborun, umsögn

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 21. desember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Tuma Guðmundssonar og Marie D. Jackson f.h. SUSTAIN verkefnisins um leyfi til að bora tvær rannsóknaborholur í Surtsey sumarið 2017.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið yfir málsgögn og þekkir til verkefnisins. Undirbúningur að borun nýrra rannsóknahola í Surtsey hefur staðið í nokkur ár og vandað hefur verið til hans. Náttúrufræðistofnun Íslands lítur svo á að um mjög mikilvægt rannsókn- og vísindaverkefni sé að ræða sem mikils má vænta af og veitir vonandi svör við ýmsum spurningum um myndun Surtseyjar, þróun móbergsmýndunar og örverusamfélaga í iðrum eyjarinnar. Það fellur vel að því hlutverki sem eyjan hefur haft sem friðland og staður til rannsókna í jarðfræði og líffræði þar sem fylgst er með langtímabreytingum og framvindu. Svipuð rannsóknaborun fór fram í Surtsey árið 1979 og ekki verður séð að hún hafi valdið langtímaraski á yfirborði eyjarinnar eða haft áhrif á líffræðilega ferla sem þar eru í gangi. Fyrirhuguð borun haustið 2017 mun fara fram á sama stað og 1979.

Munur á aðstæðum í Surtsey nú er einkum sá að lífríki hefur eflst, gróður þétt sig og varp fugla aukist til muna frá því sem var 1979. Því eru líkur á að áhrif á lífríki geti orðið meiri en áður. Einnig ber að hafa í huga að Surtsey og hafsvæði umhverfis hana var sett á heimsminjalista Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) árið 2008 og ber því að standa enn sterkar vörð um hana en áður.

Verkátun sú er lögð hefur verið fram um borunina er vönduð og virðist eiga að gæta þess í hvívetna að ekki hljótist mengun af, fjarlægja skal allan úrgang úr eyinni, lagfæra jarðrask sem verður, halda umferð um eyna utan borsvæðis og áhrifum á lífríki í lágmarki.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar Íslands að áhrif framkvæmdanna á lífríki gæti einkum orðið á fugla og seli. Mikið varp fýls, máfa og fleiri sjófugla er í Surtsey og er fuglinn í eyinni og víða hana fram í lok ágúst til byrjun september er ungar verða fleygir. Meginvörp eru á suðurlhuta eyjarinnar, í gígum og í björgum, utan fyrirhugaðs borsvæðis. Einhver umferð farfugla er um



Surtsey að hausti en þar eru líklega ekki mikilvægar fæðu- eða hvíldarstöðvar stórra fuglastofna. Þar sem gert er ráð fyrir að framkvæmdir verði síðsumars er ósennilegt að borun í Surtsey í ágúst – september hafi umtalsverð eða varanlega áhrif á fuglalíf.

Á norðurtanga Surtseyjar er stórt útselslátur. Vitað er að urtur taka að leita þangað í einhverjum mæli og kæpa í september og síðan fram eftir haustinu. Fullvíst má telja að borunin í Surtsey geti haft áhrif á selina í látri eða komu þeirra þangað, einkum vegna dælingar á kælivatni um tangann, hávaða og stöðugrar umferðar vegna hennar. Skoða þarf hvort finna má lausn á þessu.

Ekki er líklegt að mikil eða varanleg áhrif verði á gróður vegna borunarinnar, svo fremi að þess verði vandlega gætt að fræ, mold eða áburðarefni berist ekki til eyjarinnar við framkvæmdirnar. Svæði þau sem borun og dæling fer fram á eru fremur lítið gróin. Gæta verður að því að óþarfa umferð verði ekki um þau svæði eyjarinnar þar sem gróður er mestur.

Að því tilskyldu að umgengni öll verði samkvæmt ströngustu kröfum þá er það mat Náttúrufræðistofnunar Íslands að heimila eigi borun í Surtsey haustið 2017 með þeim skilyrðum að umgengisreglum fyrir eyna verði fylgt í hvívetna. Það er ljóst að hafa verður stöðugt eftirlit með framkvæmdunum á meðan á þeim stendur svo tryggt sé að farið verði eftir þeim skilyrðum sem sett verða í framkvæmdaleyfi. Einnig þarf að halda undirbúningsnámskeið þar sem farið er yfir allar kröfur sem gerðar verða áður en farið er í eyna, um umgengni um eyna og mengunarvarnir. Öllum þátttakendum í verkefninu þarf að vera ljóst til hvers er ætlast og hvers vegna.

Virðingarfyllst

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri

Trausti Baldursson

